



Fundargerð 306.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 22. apríl 2026 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur í Hofi.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Þórunn Sif Harðardóttir, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Sverre Jakobsson og Gísli Gunnar Oddgeirsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Torfunefsbyggja.

Hafnarstjóri kynnti stöðu mála varðandi þjónustubyggingu hafnarinnar á Torfunefsbyggju. Framkvæmdir ganga ágætlega og stefnt er að verklokum um mitt sumar. Samþykkt var að fá hönnuði deiliskipulags svæðisins til að uppfæra skilmálana í anda umræðna á fundinum.

2. Rafvæðing skemmtiferðaskipa.

Lögð var fyrir fundinn viljayfirlýsing milli Hafnasamlags Norðurlands og norska fyrirtækisins PLUG um samstarf við uppbyggingu landtenginga fyrir skemmtiferðaskip á Akureyri. Norska fyrirtækið býr yfir víðtækri reynslu af uppsetningu og rekstri slíks búnaðar, einkum í Noregi en einnig í Skotlandi. Stjórn HN fagnar þeirri jákvæðu þróun sem orðið hefur í málinu undanfarnar vikur og felur hafnarstjóra að undirrita viljayfirlýsinguna.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17.30